

Ávarp utanríkisráðherra við opunarhátíð Boréales hátíðarinnar í Caen í Frakklandi

15. nóvember 2013

Herra forseti Normandie héraðs, borgastjóri Caen, góðir gestir,

Það er mér sönn ánægja að viðstaddur opnun Boréales hátíðarinnar hér í Caen, þar sem Ísland nýtur þess heiðurs að vera í öndvegi.

Ég vil byrja á að óska skipuleggjendum til hamingju með einstaklega fjölbreytta og vandaða dagskrá. Það gleður mig mikið að sjá hvað þið gerið íslenskri menningu hátt undir höfði

Meginmarkmið mitt sem utanríkisráðherra er að gæta hagsmuna Íslands og íslensku þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Menning leikur þar mikilvægt hlutverk. Með samstarfi við aðrar þjóðir á sviði menningarmála öðlumst við aukinn skilning þjóða á milli, eflum áhuga hvert á öðru og dýpkum vináttu. Menning er það sem gerir hvert land einstakt og frábrugðið öðrum og nýtist m.a til að draga að erlenda fjárfestingu, auka áhuga á vörum erlendis, eða til að hvetja ferðamenn til að sækja landið heim. Ég er sannfærður um að sérstaklega hér í Frakklandi er menning lykill að skilningi milli þjóða.

Þetta er mín fyrsta heimsókn til Caen, og til Normandie, - og er það sérstök ánægja að finna þau sterku tengsl sem eru á milli þjóða okkar. Fyrir á öldum lögðu franskir fiskimenn leið sína að ströndum Íslands, sem oft var mikil hættuför, og lögðu þar með grunn að tengslum og vináttu milli landanna sem hafa með tímanum orðið dýpri og sterkari. Vinátta Frakklands og Íslands hefur sterkar og sögulegar rætur og Boréales hátíðin hefur um árabíl verið mikilvægur hlekkur í því að dýpka og þróa samskiptin.

Það sama má segja um norrænu deild háskólans í Caen, sem ég fékk þann heiður að heimsækja fyrir í dag. Tungumálanám er afar mikilvægt, en það er í gegnum þýðendur sem við fáum að kynnast ritverkum annarra þjóða. Það fyllir mig stolti að fylgjast með árangri íslenskra rithöfunda á erlendri grundu, og einkum í Frakklandi en það má til gamans geta að á þessu ári hafa komið út bækur eftir amk 18 íslenska rithöfunda á frönsku. Stór hluti þeirra kemur hingað á Boréales hátíðina. Íslenskukennslan í Caen og Sorbonne er þannig mikilvæg til þess að tryggja að Frakkar geti í framtíðinni lesið verk eftir íslenska rithöfunda.

Það sama er uppi á teningnum hvað varðar mikilvægi þess að Íslendingar læri frönsku. Áhrif franskra menningar á Íslandi má finna víða. Frakkland er sveipað ríkri menningarhefð á öllum sviðum. Íslendingar njóta við þess að koma hingað og upplifa söguna, hefðirnar, matinn, og allt það einstaka sem landið ykkar hefur uppá að bjóða.

Það er ánægjulegt fyrir þjóðir okkar að nú er að hefjast vinna við gerð íslensk-franskrar orðabókar, sem löndin munu eiga samstarf um. Verkefninu er stýrt af stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrrum forseta Íslands sem var kennari í frönsku og gegndi mikilvægu hlutverki við að breiða út áhuga á Frakklandi og franskri menningu á Íslandi, bæði áður og meðan hún var forseti. Vigdís Finnbogadóttir er nú góðgjörðarsendiherra UNESCO fyrir tungumál.

Dömur mínar og herrar,

Dagskrá Boréales hátíðarinnar er afar fjölbreytt. Hér er boðið upp á bókmenntir, tónlist, kvikmyndir, dans, ljósmyndir, þrónastofu og margt fleira. Ég vil þakka hátíðarhöldurum fyrir þá alúð sem hefur verið lögð í dagskrána. Áhugi á íslenskri menningu hefur sjaldan verið meiri á erlendri grundu. Hingað á hátíðina koma margir af okkar bestu listamönnum og hvet ég ykkur til að vera dugleg að sækja viðburði til að kynnst því besta sem íslenskt menningarlíf hefur upp á að bjóða.

Það er mér sérstök ánægja að bjóða ykkur upp á íslenska fiskisúpu sem matreiðslumeistari okkar í utanríkisráðuneytinu Friðrik Sigurðsson hefur framreitt um leið og ég óska öllum ánægjulega hátíð.

Verði ykkur að góðu ! Bon appetit!